



Listamennirnir

Samsýning listamanna á Borgarbókasafninu í Reykjavík stendur yfir dagana 15.—26. apríl. Sýningin er á vegum List án landamæra og heitir Í-mynd. Á sýningunni eru fjölbreytt verk og áhugavert samspil myndlistar og bókverka skoðuð. Nemendur í myndlist hjá Mímí símenntun sýna þar verk sín ásamt listamönnun úr ólíkum áttum. Þar á meðal er Marta Lind Vilhjálmsdóttir nemandi í 10.DÁ og sérdeild fyrir einhverf börn í Álfhólsskóla. Marta Lind hefur mikinn áhuga á úlfum og það eru margar fallegar myndir sem hún hefur teiknað af úlfum og hannað og málað í mismunandi litum. Hún býr til nöfnin og eru þeir allir með ensk samsett nöfn sem eru hennar hugarsmíði ásamt sögunum. Í sögunum lýsir hún lífsbaráttu úlfa, ættartengslum og fléttar inn ýmsum tilfinningum og vangaveltum um lífið m.a. vináttuna, ástina, svikin og dauðann .



Verkin sem hún sýnir á sýningunni eru tengd úlfum. Hún vann verkin í skólanum, málaði mynd og gerði leirstyttur af úlfum í myndmennt. Teiknaði myndir og samdi sögurnar í íslenskutímum. Í vor gefur hún út sína þriðju bók og á sýningunni má sjá afrakstur þeirra vinnu.



